

# Lög

67  
27. júní

um

## breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

### 1. gr.

Sýslunefnd skal á aðalfundi semja áætlun fyrir hvert reikningsár um tekjur og gjöld sýslusjóðs. Að því leyti sem lögskipuð gjöld og aðrar tekjur hrökkva eigi fyrir gjöldum, skal jafna því, sem til vantar, niður á hreppsfjelög sýslunnar, að þriðjungi eftir samanlögðu skattmati fasteigna, að þriðjungi eftir tölu verkfærra karlmannna og að þriðjungi eftir samanlagðri fjárhæð skuldlausrar eignar og tekna af eign og atvinnu, alt í hverjum hreppi fyrir sig.

Gjald það, er þannig kemur á hvert hreppsfjelag, skal greitt úr sveitar-sjóði, og skal hreppsnefndaroddviti greiða sýslumanni það á næsta manntalsþingi.

### 2. gr.

74. gr. sveitarstjórnarlaga 10. nóv. 1905 er úr gildi feld.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

---

*Pjetur Jónsson.*